



Alþingi
Erindi nr. B 122/1465
komudagur 25.3.198

24. mars 1998

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Í bréfi dags. 19. mars 1998 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 560. mál, um frumvarp til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit, 561. mál, og um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, 581. mál.

Frumvarp til laga um opinbert eftirlit með starfsemi fjármálastofnana var samið í framhaldi af starfi nefndar sem viðskiptaráðherra skipaði og Seðlabanki Íslands átti fulltrúa í. Skýrsla nefndarinnar fylgir frumvarpinu og í henni er m.a. sérálit fulltrúa Seðlabankans í nefndinni. Eins og þar kemur fram var fulltrúi Seðlabankans ekki sammála niðurstöðu meirihluta nefndarinnar og koma rökin fyrir afstöðu hans fram í skýrslu nefndarinnar. Fyrir liggur hins vegar að pólitískur stuðningur er við þá lausn sem felst í frumvarpinu. Með hliðsjón af því hefur Seðlabankinn lagt sitt af mörkum til þess að eins vel verði staðið að nauðsynlegum lagabreytingum og kostur er. Bankinn fékk drög að frumvarpinu til umsagnar í síðasta mánuði og var fullt tillit tekið til athugasemda hans áður en endanlega var gengið frá því til framlagningar á Alþingi.

Bankastjórn Seðlabankans leggur áherslu á mikilvægi þess að nákvæmt eftirlit sé með starfsemi fjármálastofnana, m.a. í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, og að um leið sé gætt fyllsta hagræðis í framkvæmd þess. Seðlabanki Íslands hefur sinnt þessu hlutverki af kostgæfni og telur að eftirlit með starfsemi íslenskra fjármálastofnana sé áþekkt því sem best gerist meðal nágrannaþjóða okkar.

Verði frumvarpið um opinbert fjármálaeftirlit að lögum telur bankastjórn afar þýðingarmikið að Seðlabankinn hafi greiðan aðgang að upplýsingum um fjárhagsstöðu einstakra stofnana hliðstæðar þeim sem hann hefur nú með starfrækslu banka- eftirlits. Af þessum sökum eru ákvæði 14. gr. frumvarpsins einkar mikilvæg frá sjónarhóli bankans. Þá telur bankastjórn einnig afar þýðingarmikið að Seðlabankinn hafi fullar og óskoraðar heimildir til þess að afla milliliðalaust upplýsinga um fjárhag einstakra banka og sparisjóða og annarra stofnana sem eru í viðskiptum við hann. Skv. lögum ber Seðlabankanum að „stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peninga- viðskiptum” (skv. frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands „að vera banki innlánsstofnana og stuðla að traustum og heilbrigðum viðskiptum á fjármagnsmarkaði”). Þetta hlutverk krefst þess að unnt sé að kanna fyrirvaralaust hugsanlega veikleika í kerfinu, svo sem ef einhver nýmæli koma fram á fjármagnsmarkaði sem reynst geta áhættusöm.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@centbk.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Að öðru leyti leggur Seðlabanki Íslands áherslu á mikilvægi þess að fjármálaeftirlit verði óháð pólitískri íhlutun og telur að það sé tryggt eins og frumvarpið hljóðar. Einnig er lögð áhersla á að skilnaður bankaeftirlitsins frá Seðlabankanum krefst nokkurs undirbúnings.

Engar athugasemdir eru gerðar við frumvarp til laga um breytingar á sér-ákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986 með síðari breytingum felast einkum breytingar sem leiða af stofnun opinbers eftirlits með starfsemi fjármálastofnana. Af sjálfu sér leiðir að IV. kafli laganna, þ.e. um *bankaefirlit*, fellur út en í stað hans kemur nýr kafli um *öflun upplýsinga*. Eins og að framan er sagt leggur Seðlabankinn afar mikla áherslu á mikilvægi þessa kafla enda er honum nauðsynlegt að geta milliliðalaust aflað þeirra upplýsinga sem hann telur nauðsynlegar til þess að ganga úr skugga um fjárhagslega stöðu stofnana sem eru í viðskiptum við hann.

Að öðru leyti eru breytingarnar tæknilegar og fela í sér viðbrögð við fyrri breytingum á öðrum lögum og í starfsumhverfi bankans og styrkja þannig laga-grundvöll undir núverandi starfsemi hans. Benda má á að svo virðist sem í 2. ml. 13. gr. sé átt við a-lið 1. gr. en ekki b-lið. Eina nýmælið í frumvarpinu má segja að sé hinn nýi g-liður 3. gr. sem fjallað er um í b-lið 1. gr. og felur Seðlabankanum að stuðla að greiðri, hagkvæmri og öruggri greiðslumiðlun í landinu. Á undanförunum tveimur árum hefur Seðlabankinn beint athygli sinni í vaxandi mæli að greiðlumiðlun, bæði þróun einstakra greiðslumiðla og uppgjörskerfa. Á árinu 1996 birti bankinn skýrslu um rafrænar greiðslur þar sem fjallað var um áhrif nýrra greiðslumiðla, svo sem rafeyriskorta og netfjár, á greiðslumiðlun. Jafnframt hefur bankinn lagt áherslu á að fylgjast með þróun löggjafar um rafeyri á vettvangi Evrópusambandsins. Á síðasta ári birti bankinn síðan skýrslu um greiðslumiðlun þar sem fyrirkomulag uppgjörsgreiðslumiðlunar hér á landi var borið saman við það sem tíðkast í flestum nágrennalandanna. Í framhaldi af því hóf Seðlabankinn í samstarfi við banka, sparisjóði og Reiknistofu bankanna endurskoðun á uppgjörskerfum með það fyrir augum að laga þau að alþjóðlega viðurkenndum kröfum sem felur í sér aukið öryggi þeirra. Með hliðsjón af þessu fagnar Seðlabankinn áformum um að fela honum skýrari ábyrgð á greiðslumiðlun í landinu. Seðlabankar nágrennalandanna hafa flestir mjög ákveðnar skyldur á vettvangi greiðslumiðlunar.

Virðingarfyllt

SEÐLABANKI ÍSLANDS

